

ÞAÐ KOMAST EKKI ALLIR Á LEIÐARENDA

– VIÐ SKORUM Á ÞIG !

Á hverju ári verða alltof mörg hreindýr og fuglar fyrir ökutækjum. Undanfarið hefur Lögreglan á Austurlandi hvatt vegfarendur til að gæta varúðar á vegum og forðast að aka á dýr sem því miður eru alltof algengt. Náttúrustofa Austurlands fangar því frumkvæði og tekur undir með lögreglunni og hvetur vegfarendur til að gæta fyllstu varúðar, lesa vel í aðstæður og nánasta umhverfi og forða bæði sér og dýrum frá slysum.



HREINDÝR

Hreindýr verða flest fyrir bílum yfir vetrarmánuðina. Þar fer saman að dýrin leita gjarnan niður á láglandi yfir háveturinn, þegar skammdagi er mest og aksturskilyrði oft léleg. Ekið hefur verið á hreindýr alla mánuði ársins nema í júlí og ágúst. Með aukinni umferð og auknum fjölda hreindýra hafa árekstrar orðið tíðari. Oftast er keyrt á hreindýr í Lóninu, á veginum milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, einkum í nágrenni álversins og á Háreksstaðaleið á Jökuldalsheiði. Mikilvæg er að vegfarendur hafi varann á sér þegar ekið er um Austurland, en víða hafa verið sett upp skilti sem vara við hreindýrum. Þá hafa viðvaranir í fjölmiðlum aukist. Nánar má lesa um hreindýr í umferðinni með því að smella [hér](#)



MÁLID Í MYNDUM

Særð álftr eftir samstuð við ökutæki



Ökumenn taka oftast mikið tillit til fugla

Tjaldar verpa oft við vegi og stýra umferðinni



Rykbundnir malarvegir eru eftirsóttir

Þúfuttlingur kominn á grillið



FUGLAR

Fuglar lenda í árekstrum við ökutæki þar sem þeir misreikna líklegast hraða bíla og ná ekki að forða sér tímanlega. Mesta hættan á árekstri við fugla er frá því farfuglar koma til landsins í apríl og fram á seinni hluta sumars þegar ungar eru komnir á stjá og umferð er hvað mest, en einnig í skammdeginu.

Fuglar dvelja við vegi af margvíslegum ástæðum. Í kuldatíð að vori og hausti og jafnvel að vetri geta vegir haldið varma og laðað að fugla eins og t.d. endur og vaðfugla. Þá leita sumar tegundir í vegi þar sem gott aðgengi er að misstórum sandkornum sem margir fuglar nýta til að melta fæðuna einkum gæsir og álftrir og rjúpur. Grónir vegkantar laða líka að endur eins og t.d. stökkendur og rauðhöfðaendur sem eru sólgnar í gróðurinn. Einnig sækja skordýraætur, t.d. skógarþrestir, maríuerlur, þúfuttlingar, tjaldar, spóar og hrossagaugar í skordýr sem finnast í gróðrinum í vegköntum. Þá keyra vegfarendur niður ómælt magn af skordýrum sem laða að fugla, enda auðfengið æti. Fuglarnir verða svo fyrir ökutækjum sem aftur laða að hræætur eins t.d. hrafnna, kjóa, máfa og jafnvel branduglur.

Sumir fuglar sækja að verpa við vegi, eins og t.d. tjaldar, sandlóur og kríur. Umferðin veitir fuglunum ákveðið öryggi með því að lágmarka ýmsar aðrar hættur eins og t.d. ref og mink. Fyrir vikið eiga þeir fuglar og ungar þeirra á hættu að lenda í árekstri sem aftur getur laðað að mink og ref sem stenst ekki freistinguna að kanna það sem liggur dautt.

Full ástæða er fyrir ökumenn að hafa vara á sér þar sem gæsir og álftrir sækja að vegum. Þessir fuglar líta stundum á ökutæki sem ógn og ráðast til atlögu með ófyrirséðum afleiðingum bæði fyrir sig og ökumenn sem geta fípast og lent utan vegar, oft með slæmum afleiðingum.



Skyldi einhver sölt eða steinefni vera að finna undir þessum bíl ?

LJÓSIN Í SKAMMDEGINU

Í skammdeginu blindast dýr oft af ljósum ökutækja og bregðast þá ekki við fyrr en of seint, þetta á ekki síst við um rjúpur og hreindýr. Til að lágmarka árekstra er gott að lækka ljósin þegar sést glampa á augu fram undan í háageislanum.